

Fundur skipulags- og samgönguráðs 1. júlí 2020:

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins úr borgarráði - US200217, USK2019110087

BORGARRÁÐ 7. maí 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um útboð Reykjavíkurborgar og kæru vegna útboðs Reykjavíkurborgar á stýribúnaði umferðarljósa og framkvæmd ljósastýringar frá 1979. Vísað til meðferðar skipulags- og samgönguráðs. R19100452

Framhaldsfyrirspurn um útboð Reykjavíkurborgar um stýribúnað umferðarljósa og framkvæmd ljósastýringar frá 1979.

1. Hver er niðurstaðan í kærumálunum í útboði nr. 14356 sem auðkennt er rammasamningur um stýribúnað umferðarljósa?
2. Hvaða fyrirtæki hefur þjónustað Reykjavíkurborg í ljósastýringu/tæknibúnað frá árinu 1979?
3. Geta borgarfulltrúar fengið að sjá og fengið kynningu á miðlægri stýritölvu (MSU) sem staðsett er í Borgartúni?
4. Óskað er efir að fá kerfislýsingu á ljósaprógramminu sem starfsfólk RVK og ráðgjafar hafa hannað sjá IV. kafla greinargerðinnar.
5. Hvaða greiningar er hægt að fá varðandi umferð og notkun umferðarljósa undanfarin ár skv. v. kafla b. í greinargerð.
6. Er hægt að sjá umferðarflæði á öllum ásum ljósanna sem tengd eru við kerfið undanfarin ár.
7. Á gönguljósum í miðbænum hafa verið teknir upp Austur-Þýskir karlar. Hvað kostaði að breyta þessum gönguljósum í þessa veru?
8. Hver tók ákvörðun um að breyta ljósunum?
9. Standast þessar breytingar ný umferðarlög?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.